



## **5. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2012-2013 haldinn föstudaginn 7. júní 2013 kl.12:00.**

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Steinþór Einarsson formaður skólanefndar, Þorkell Máni Pétursson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Áslaug Hulda Jónsdóttir varaformaður skólanefndar og Sigrún Gísladóttir. Fundinn sátu einnig Sigríður Einaradóttir fulltrúi foreldra, Gunnar Hólmsteinn Ársælsson fulltrúi kennara, Jenna Karen Sigurðardóttir fulltrúi nemenda og Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari.

Fundargerð 4. fundar skólanefndar hafði verið send skólanefndarfulltrúum í tölvupósti og samþykkt. Hún hefur verið sett á heimasíðu skólans.

### **1. Fjármál skólans**

Rekstraryfirlit frá ársbyrjun til maíloka 2013 fylgdi með fundarboði ásamt rekstraryfirliti sama tímabils frá árinu 2012. Farið var yfir stöðuna og skólameistari gaf skýringar við fyrirspurnum fundarmanna. Athyglisvert er að tölur milli ára hafa breyst mjög lítið sem segir töluvert um þann niðurskurð sem hefur orðið í 5% verðbólgu.

### **2. Gjaldskrá FG**

Skólameistari fór yfir helstu liði. Aðeins ein breyting er á gjaldskrá frá fyrra ári. Engar athugasemdir bárust um gjaldskrána.

### **3. Innritun á haustönn 2013**

Miklar umræður voru undir þessum lið. Fundarmenn voru sammála um að efla ætti listnámið við skólann, skólinn væri öflugur á því sviði og væri sá listamenntaskóli sem samfélagið væri að kalla á. Fyrirhuguð viðbygging væri nauðsynlegur þáttur og skólanefnd gæti lagt sitt af mörkum til að knýja á um að viðræður hæfust aftur við ráðuneytið um framkvæmdir.

Fundi slitið kl.13:15

Næsti fundur skólanefndar verður í septemberbyjun.

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.